




Verkkaupar: Heilbrigðisráðuneytið og Sveitarfélagið Árborg
Umsjón og eftirlit: Framkvæmdasýsla ríkisins

HJÚKRUNARHEIMILI Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG

FRAMVINDUSKÝRSLA JÚNÍ 2020



1. Yfirlit yfir verkið

Hjúkrunarheimilið mun innihalda 60 hjúkrunarrými á tveimur hæðum, auk sameiginlegra rýma og stoðryma. Heildarflötur byggingarinnar verður rúmir 4000 fermetrar.

2. Framkvæmdir

Vinna í júní gekk nokkuð áfallalaust fyrir sig en þó að mati FSR óþarflega hægt. Vinnan fólst fyrst og fremst í áframhaldandi uppsteypu sökkla, vinnu við grunnlagin, einangrun sökkla og fyllingar að og inn í grunn, auk þess sem hluti botnplötu var steiptur. Undir lok mánaðar var vinna við uppslátt og járnþingingu fyrstu veggja hafin.



Efri myndin hér að ofan var tekin þriðjudaginn 2. júní en sú neðri þriðjudaginn 30. júní

3. Staða verks miðað við áætlanir

Líkt og áður hefur komið fram í framvinduskýrslum, hefur FSR samþykkt 6 vikna framlengingu á verktíma, umfram samningsbundinn skiladag byggingar. Er það til komið vegna þeirra tafa sem urðu í tengslum við jarðvinnuhluta framkvæmdarinnar. Fulltrúar verktaka hafa lýst því yfir að þeir telji sig eiga rétt á frekari framlengingu á verktíma og hafa 14 vikur helst verið nefndar í því sambandi. Boðað hefur verið að verktaki muni senda aðra formlega orðsendingu um málið.

Að mati FSR og Mannvits ganga framkvæmdir of hægt. Mánaðarlegt virði framleiðslu á verkstað virðist að meðaltali einungis vera um þriðjungur af því sem verktaki áætlaði sjálfur og lagði fram í greiðsluáætlun sinni. FSR og Mannvit hafa bókað áhyggjur sínar og athugasemdir á verkfundum og hyggjast senda verktaka orðsendingu um málið í byrjun ágúst, ef ekki hefur orðið veruleg breyting á.

4. Aukaverk, viðbætur og breytingar

Haldinn var uppgjörsfundur FSR og verktaka í júní, vegna magnaukninga og aukaverka tengdum jarðvinnuframlæmd verksins. Útkoma uppgjörsins er að heildarumfang aukins kostnaðar á jarðvinnustigi, í formi magnaukninga og aukaverka, var um 91 milljón króna. Það er hærri upphæð en áætluð var í jarðvinnuna í heild og er þar með ljóst að kostnaður jarðvinnu rúmlega tvöfaldaðist frá upphaflegum áætlunum.

5. Yfirlit yfir fjárhagsstöðu verks

Greiðsludreifing til verktaka hefur ekki verið í samræmi við áætlun. Í upphafi verks mátti rekja það til þeirra aðstæðna sem upp komu í tengslum við jarðvinnu, þar sem hlutfall hefðbundinnar framvindu var lágt en greiðslur fyrir magnaukningar og aukaverk í jarðvinnu að sama skapi óvenju hátt hlutfall. Síðan þá er það hins vegar eins og fyrr segir mat FSR og Mannvits að framkvæmdir gangi einfaldlega of hægt hjá verktaka og endurspeglast það einna helst í samanburði á raunframvindu við mannafla- og greiðsluáætlanir verktaka.

Fyrir vikið hefur útkomuspá FSR breyst með þeim hætti að gert er ráð fyrir tilfærslu á kostnaði milli ára, þannig að rúmlega 700 milljónir sem gert var ráð fyrir að kæmu til greiðslu 2020 færast yfir á árið 2021. Verið er að uppfæra greiðsluáætlun verkkaupa í samræmi við útkomuspá.

Hér má sjá heildarkostnaðaryfirlit verksins, ásamt áætlaðri dreifingu milli ára og útkomuspá:

HEILDARKOSTNAÐARYFIRLIT								
Áætlun útkoma m.v. Fjárhagsyfirlit dags. 30.06.2020 / Hreinn Sigurðsson							Dags: 19.07.2020	
Verknúmer: 608 7030 / Hjúkrunarheimili í Sveitarfélaginu Árborg								
		Kostnaðaráætlun (SOF-samþykkt 27.06.2019)	Uppfærð kostnaðaráætlun eftir útböð (SOF upplýst 11.11.2019)	Bókfært frá fyrri árum	Bókfært á árinu (Fjárhagsyfirlit tekið út 30.06.2020)	Áætlun til loka árs 2020	Áætlun útkoma 2020	Samtals áætlaður heildar- kostnaður
1	Ráðgjöf	234.600.000	233.900.000	172.200.675	11.032.517	17.967.483	29.000.000	233.900.000
1.1.	Hönnun	180.100.000	179.900.000	144.762.450	7.471.679	8.528.321	16.000.000	179.900.000
1.2.	Ráðgjöf önnur en hönnun	32.500.000	33.000.000	12.483.605	3.520.541	6.479.459	10.000.000	33.000.000
1.3.	Kostnaður tengdur ráðgjöf	22.000.000	21.000.000	14.954.620	40.297	2.959.703	3.000.000	21.000.000
2	Umsjón og eftirlit	136.500.000	150.600.000	41.842.919	23.486.239	24.513.761	48.000.000	150.600.000
2.1.	Umsjón	75.900.000	85.300.000	41.107.609	7.977.510	10.022.490	18.000.000	85.300.000
2.2.	Eftirlit	60.600.000	65.300.000	735.310	15.508.729	14.491.271	30.000.000	65.300.000
3	Verkframlæmd	2.347.000.000	2.463.800.000	23.043	222.555.844	646.144.156	868.700.000	2.463.800.000
3.1.	Verksamningar	2.100.000.000	2.223.100.000	23.043	144.020.507	605.979.493	750.000.000	2.223.100.000
3.2.	Magnbreytingar	79.800.000	84.500.000	0	50.750.275	4.249.725	55.000.000	84.500.000
3.3.	Aukaverk	84.000.000	84.500.000	0	25.379.637	24.620.363	50.000.000	84.500.000
3.4.	Verðbætur	83.200.000	71.700.000	0	2.405.425	11.294.575	13.700.000	71.700.000
4	Gjöld og rekstur á framkv.tíma	23.200.000	20.200.000	2.380.367	355.068	5.210.427	5.565.495	20.200.000
4.1.	Gjöld og rekstur á framkv.tíma	22.300.000	19.400.000	2.234.505		4.765.495	4.765.495	19.400.000
4.2.	Rekstur á framkv.t.	900.000	800.000	145.862	355.068	444.932	800.000	800.000
5	Búnaður og listskreytingar	28.700.000	29.500.000	0	51.150	2.448.850	2.500.000	29.500.000
5.1.	Búnaður	0	0	0	51.150	0	0	0
5.2.	Listskreytingar	28.700.000	29.500.000	0	0	2.448.850	2.500.000	29.500.000
6	Viðbótarverk	0	0	0	0	2.000.000	2.000.000	2.000.000
6.1.	Viðbótarverk - Ráðgjöf	0	0	0	0	0	0	0
6.3.	Viðbótarverk - Verkframlæmd	0	0	0	0	2.000.000	2.000.000	2.000.000
6.5.	Viðbótarverk - Búnaður og listskr.	0	0	0	0	0	0	0
Samtals		2.770.000.000	2.898.000.000	216.447.004	257.480.818	698.284.677	955.765.495	2.898.000.000

Hér má sjá þær breytingar sem eru að verða á greiðsluáætlun verkkaupa:

Greiðsluáætlun verkkaupa	Samtals áfallið til og með 2020	Áætlun 2021	Samtals áætlaður heildarkostnaður
Framvinda samkvæmt útkomuspá uppf. 19.7.2020	1.172.212.499	1.725.787.501	2.898.000.000
Framvinda samkvæmt gildandi greiðsluáætlun	1.878.247.004	1.019.752.996	2.898.000.000
Frávik frá greiðsluáætl (hækkun/-lækkun)	-706.034.505	706.034.505	0

Eins og sést er hér gert ráð fyrir að 706 milljónir sem áður var gert ráð fyrir að kæmu til greiðslu á árinu 2020 muni þess í stað koma til greiðslu á árinu 2021.

Hér má sjá fjárhagsyfirlit sem sýnir stöðu kostnaðar við verkefnið síðastliðin mánaðamót:

Innborganir frá verkkaupum		Greiðsluhlutdeild %		Upphafleg áætlun um fjármögnun verksins	Innborgað frá fyrri árum	Innborgað á árinu	Áætlun um innb. Til loka verks	Samtals áætlaður innborganir
Upph.	Núgild.	Kr.						
Heilbrigðisráðuneytið	0	84	0	0	0	495.000.000	1.939.320.000	2.434.320.000
Velferðarráðuneyti	84	0	0	2.434.320.000	194.786.993	0	-194.786.993	0
Sveitarfélagið Árborg	16	16	0	463.680.000	37.268.951	95.000.000	331.411.049	463.680.000
Samtals	100	100	0	2.898.000.000	232.055.944	590.000.000	2.075.944.056	2.898.000.000

Heildarkostnaður		Upphafleg áætlun um heildarkostnað verksins	Bókfært frá fyrri árum	Bókfært á árinu	Áætlaðar eftirstöðvar	Samtals áætlaður heildarkostnaður (10.01.2020)
1	Ráðgjöf					
1	Ráðgjöf	233.900.000	172.200.675	11.032.517	50.666.808	233.900.000
1.1	Hönnun	179.900.000	144.762.450	7.471.679	27.665.871	179.900.000
1.2	Ráðgjöf önnur en hönnun	33.000.000	12.483.605	3.520.541	16.995.854	33.000.000
1.3	Kostnaður tengdur ráðgjöf	21.000.000	14.954.620	40.297	6.005.083	21.000.000
2	Umsjón og eftirlit	150.600.000	41.842.919	23.486.239	85.270.842	150.600.000
2.1	Umsjón	85.300.000	41.107.609	7.977.510	36.214.881	85.300.000
2.2	Eftirlit	65.300.000	735.310	15.508.729	49.055.961	65.300.000
3	Verkfrákvæmd	2.463.800.000	23.043	222.555.844	2.241.221.113	2.463.800.000
3.1	Verksamningar	2.223.100.000	23.043	144.020.507	2.079.056.450	2.223.100.000
3.2	Magnbreytingar	84.500.000	0	50.750.275	33.749.725	84.500.000
3.3	Aukaverk	84.500.000	0	25.379.637	59.120.363	84.500.000
3.4	Verðbætur	71.700.000	0	2.405.425	69.294.575	71.700.000
4	Gjöld og rekstur á framkv.t	20.200.000	2.380.367	355.068	17.464.565	20.200.000
4.1	Gjöld	19.400.000	2.234.505	0	17.165.495	19.400.000
4.2	Rekstur á framkv.t	800.000	145.862	355.068	299.070	800.000
5	Búnaður og listskreytingar	29.500.000	0	51.150	29.448.850	29.500.000
5.2	Listskeytingar	29.500.000	0	51.150	29.448.850	29.500.000
Samtals		2.898.000.000	216.447.004	257.480.818	2.424.072.178	2.898.000.000

Hafi verkkaupi athugasemdir eða ábendingar við það sem kemur fram í þessari skýrslu eða við þjónustu FSR má hafa samband við verkefnisstjóra eða senda ábendingar á abendingar@fsr.is.

Reykjavík, 29. júlí 2020

Hreinn Sigurðsson, verkefnisstjóri